

Menntamálanefnd Alþingis
- nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1217
komudagur 3. 3. 2004

SÍMI/TEL: +354 552 4000
FAX: +354 562 3629
netfang/e-mail: lhi@lhi.is

Reykjavík 1. mars 2004

■ **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum.**

Listaháskólanum hefur borist beiðni um umsögn um tillögu nokkurra þingmanna til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum. Fyrsti flutningsmaður er Björgvin G. Sigurðsson.

Listaháskólinn tekur undir það sjónarmið sem kemur fram í 1. málsgrein greinargerðar að mikilvægt sé að vinna að breytingum á íslensku skólakerfi sem taka á miklu brottfalli nemenda úr framhaldsskóla. Staðreyndin er sú að langstærstur hluti náms í framhaldsskólunum er miðaður við bóknám af einu eða öðru tagi en verktengt nám hefur orðið útundan. Sjálfsagt er þar um að kenna sterkum hefðum en einnig því að kostnaður af verknámi er í flestum tilfellum talsvert meiri en af venjulegu bóknámi.

Í tillögunni er tekið fram að hún nái til þriggja þátta, þ.e. iðnnáms, verknáms og listnáms. Hins vegar er allur textinn að öðru leyti aðeins miðaður við iðnnámið og rökstuðningur í greinargerð sömuleiðis. Þá gerir tillagan ráð fyrir sérstakri skipan í starfshóp til að undirbúa tillögur um úrbætur. Sérstaka athygli vekur að í þeim fjölmenna hópi er ekki gert ráð fyrir einum einasta manni með þekkingu eða reynslu af listrænum störfum eða listmenntun.

Með hliðsjón af þessu getur það varla talist trúverðugt að þessari þingsályktunar-tillögu sé ætlað að taka á málefnum listmenntunar í framhaldsskólum af einhverri alvöru.

Fyrir hönd Listaháskólans vil ég leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að sköpuð verði ný og breytt skilyrði fyrir listmenntun í framhaldsskólum landsins. Það leikur enginn vafi á því að það er með eflingu frumlegrar hugsunar, sem mestu möguleikarnir eru fölgirnir til auðugra lífs, bæði í veraldlegum skilningi og í andlegum. Í listunum eigum við einmitt bestu tækin til þjálfunar og aukins þroska hins skapandi huga og það er ekki síst vegna aukins skilnings á þessu hlutverki sem framsæknustu þjóðir heims leggja nú aukinn þunga á að efla þetta svið menntunar.


Skilningur á mikilvægi þess að þroska skapandi hugsun hefur stórauðist með nýjum rannsóknum á starfsemi heilans þar sem leitt hefur verið í ljós að öll sköpun byggir á

starfsemi hægra heilahvelsins, þaðan sem við fáum innsæið og skynjunina og hæfileikann til samhæfingar, en í því vinstra býr þekkingargreindin sem er undirstaða röklegar hugsunar. Aukin athygli á mikilvægi skapandi hugsunar er þó ekki síður að þakka breyttum lífsháttum og nýrri samfélagsgerð, þar sem gerðar eru sívaxandi kröfur um frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og að fólk hafi skynjun á hið óvænta og órókrétta. Nú er algengt að skólamenn og aðrir menntaforkólfar tali um að “sköpun” muni leysa “þekkingu” af hólmi sem lykilorð í framtíðarsamfélaginu, - að eitthvað sem við getum kallað “sköpunarsamfélag” muni taka við af “þekkingarsamfélaginu” eða “upplýsingasamfélaginu” eins og menn oft nefna það.

Á Íslandi hafa vissulega verið stigin markverð spor í þá átt að færa skapandi hugsun inn í skólastarfið. Þó verður að viðurkenna að miklu lengra þyrfti að ganga en hingað til hefur verið gert eigi einhver alvöru árangur að nást. Ekki skortir að ungt fólk hafi áhuga á að rækta hæfileika sína til frumlegrar sköpunar. Leikhús, tónlist, dans, hönnun, myndlist og kvikmyndagerð, - ungt fólk alls staðar að störfum. Aðeins sumir ætla sér framtíðaratvinnu á þessum sviðum, aðrir láta sér duga að leita sér lífsfyllingar. Eftirspurn eftir listnámi er miklu meiri en framboðið þó umhverfið sé aðeins í fáum skólum beinlínis hvetjandi til náms á þessum sviðum. Þetta á sérstaklega við um framhaldsskólana.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar benda á að eitt helsta vandamál íslensks skólakerfis sé hið mikla brottfall nemenda úr framhaldsskóla. Þetta er vissulega rétt. Hins vegar er ekki sjálfgefið að þetta hlutfall réttist af með því einu að auka framboð í starfsþjálfun sem er skilgreind eftir þörfum atvinnulífsins frá einum tíma til annars. Staðreyndin er sú að til að halda nemendum í skóla þarf námið að vekja áhuga þeirra og skólaumhverfið að vera örvandi til skapandi athafna. Á þessu skólastigi er það ekki lokapunkturinn sjálfur, þ.e.a.s. sérhæfingin eða starfið, sem öllu máli skiptir heldur frekar leiðin sem þangað liggur. Á meðan nemendur njóta námsins og fá þar útrás fyrir sköpunargleði sína þá haldast þeir í skóla. Síðan er það spurningin hvað höfðar til hvers og eins.

Virðingarfyllst



Hjálmar H. Ragnarsson
rektor